

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 323/2007

2009/EES/37/26

frá 26. mars 2007

## um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eins og tilgreint er í 1. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 getur, í sumum tilvikum, þurft að grípa til formeðhöndlunar fyrir aðgerðirnar sem mælt er fyrir um í 2. hluta þess viðauka. Því ber að breyta 2. hluta V. viðauka til samræmis við það.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. mars 2007.

- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru best til þess fallnar að tryggja öfluga vernd.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 85, 27.3.2007, bls. 3. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7, leiðrétt í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 5. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 172/2007 (Stjtið. ESB L 55, 23.2.2007, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

*VIÐAUKI*

Í 2. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 bætist eftirfarandi málsgrein við eftir fyrsta málslíðinn:

„Heimilt er að framkvæma aðgerðir til formeðhöndlunar áður en til varanlegrar geymslu kemur, samkvæmt þessum hluta þessa viðauka, að því tilskildu að efni, sem er skráð í IV. viðauka og er einangrað frá úrganginum meðan á formeðhöndlun stendur, sé síðan fargað í samræmi við 1. hluta þessa viðauka. Auk þess er umpökkun og geymsla til bráðabirgða heimil áður en slík formeðhöndlun fer fram eða áður en til varanlegrar geymslu kemur, í samræmi við þennan hluta viðaukans.“

---